

Fundargerð

Þriðjudaginn 31.júli 2008 kl. 10:00 var fundur haldinn í stjórn Byggðasamlags um menningar og atvinnumál í A-Hún., á bæjarskrifstofu Blönduósþéjar. Á fundinn voru mættir: Adolf H. Berndsen, Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson, Jón Gíslason, Valgeir Karlsson og Arnar Þór Sævarsson.

Adolf H.Berndsen, formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Jóhannes Geir Sigurgeirsson gerir grein fyrir vinnu sinni.

Adolf bauð Jóhannesi Geir velkominn á fundinn.

Jóhannes Geir fór yfir þá vinnu sem hann hefur unnið að í tengslum við möguleika á iðnaðaruppbyggingu í A-Hún. Stefnt er að því að hann skili áfangaskýrslu í lok ágúst. Rætt var um hvernig best verði staðið að því að virkja heimamenn til þátttöku í þeirri vinnu sem framundan er.

Ákveðið að óska eftir fundi með SSNV atvinnuþróun þar sem gerð verði grein fyrir vinnu við upplýsingavef fyrir fjárfesta.

Framkv.stjóra falið að ganga til samninga við Jóhannes Geir um fyrirkomulag starfs hans fyrir byggðasamlagið. Drög að samningi skulu liggja fyrir í lok ágúst.

Jóhannes Geir yfirgefur fundinn.

2. Fjárhagsáætlun Byggðasamlagsins.

Farið var yfir forsendur fjárhagsáætlunnar 2008. Framkv.stjóri rakti fyrirhugaðar framkvæmdir við endurnýjun glugga Kvennaskólans. Tilboð hefur borist og er það töluvert yfir kostnaðaráætlun. Framkv.stjóra falið að koma með nánari upplýsingar á næsta fund.

3. Heimsókn í Héraðsskjalasafnið.

Svala Runólfsdóttir forstöðumaður tók á móti stjórninni og kynnti í starfsemi safnsins.

4. Önnur mál.

a) Framkv.stjóri upplýsti að í sumar hefði verið starfrækt á Blönduósi upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn, og að beiðni hefði komið frá rekstraraðila um fjárhagslegan aðkomu sveitarfélaganna. Stjórnin samþykkir að óska eftir formlegu erindi og ítarlegri upplýsingum.

b) Samþykkt að fundargerðir Byggðasamlagsins verði birtar á vef Blönduósbæjar.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 12:00.